

Ljósmyndir Sigurðar Björnssonar

Viktor A. Ingólfsson, Vegagerðin

Reynsla mín af útgáfumálum hjá Vegagerðinni hefur kennt mér að fátt efni er jafn vinsælt í fréttabréfunum okkar og gamlar ljósmyndir. Við höfum stundum birt myndir þar sem við þekkjum ekki myndefnið og óskum eftir upplýsingum. Oftast höfum við fengið ótrúlega góð viðbrögð og það hefur jafnvel ekki verið vinnufriður í marga daga á eftir. Kannski að það sé ástæðan fyrir því að við höfum ekki gert meira af þessu.

Hjá Vegagerðinni er til talsvert af gömlum myndum af vega- og brúagerð en því miður er það ekki allt jafn aðgengilegt. Jón Víðis mælingamaður tók mikið af myndum og er safn hans mjög vel flokkað og merkt. Árni Pálsson verkfræðingur tók líka mikið af myndum og gekk vel frá sínum gögnum. Loks má nefna Geir Zoëga vegamálastjóra en myndir hans hafa verið inni í skáp hjá mér í áratugi en því miður hef ég aldrei haft tækifæri á að ganga almennilega frá þeim.

Fyrir tveimur árum síðan frétti ég af miklu myndasafni Sigurðar Björnssonar brúasmiðs í 9 myndamöppum. Verkfræðingafélagið hafði fengið safnið að láni hjá afkomendum Sigurðar og fekk ég að fletta í möppunum hjá þeim. Ég sá að þarna var um stórmerkilegt efni að ræða þótt sumar af myndunum væru líka til í öðrum söfnum. Ég fékk því þá hugmynd að láta skanna þessar myndir inn í tölvu til að tryggja aðgengi okkar að þeim í framtíðinni. Við hjá útgáfueiningu Vegagerðarinnar fengum myndamöppurnar því lánaðar hjá Verkfræðingafélaginu og hófumst handa. Alls eru þetta á níunda hundrað myndir og því talsverð vinna. Okkar fjárheimild dugði ekki fyrir svo stóru verkefni og því sóttum við um styrk til rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar. Þar var okkur vel tekið og því gátum við haldið verkinu áfram. Nú er þessu verkefni nánast lokið og fljótlega munum við skila myndamöppunum aftur til Verkfræðingafélagsins. Það er Jósep Gíslason sem hefur unnið þetta starf og hann setti saman þessa sýningu.

Sigurður Björnsson brúasmiður fæddist 1890. Hann ólst upp í Húnavatnssýslu en fór til Reykjavíkur á 14. aldursári til að læra húsasmíði. Hann lauk sveinsprófi 1909 og fékk meistararéttindi 1912 aðeins 22 ára gamall. Á

námsárunum vann hann meðal annars við núverandi Þjóðmenningarhús við Hverfisgötu en þar voru steypumót notuð að hluta og var það nýlunda hér á landi. Sigurður var ráðinn til starfa fyrir landsverkfræðinginn vorið 1912 og vann það sumar við brúargerð á Ytri Rangá. Næsta ár gerðist hann verkstjóri við brúasmíðar og var það óslitið til ársins 1956 eða í 44 ár. Hann mun hafa stjórnað smíði nær tvöhundruð brúa á þessu tímabili og meðal þeirra voru stærstu brýr landsins. Má þar nefna Markarfljót, Þverá, Hvítá í Borgarfirði, Héraðsvötn, og Skjálfandaflljót. Síðasta áratuginn sem heilsan gerði honum kleift að stunda brúasmíðar stjórnaði hann byggingu stórbrúa yfir Ölfusá, Jökulsá á Fjöllum, Þjórsá og Jökulsá í Lóni. Sigurður lést 1964.

Sigurður hefur verið mikill áhugamaður um ljósmyndun og hefur greinilega haft gott auga fyrir myndefni. Hér á eftir munum við sýna óskipulagt úrval af þessum myndum Sigurðar sem við höfum verið að skanna undanfarin tvö ár.